

Fimmtudaginn 23. mars 1995.

Nr. 206/1993.

Ásgeir Sigurðsson

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

gegn

Níels P. Sigurðssyni

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)

Loforð. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Björn Þ. Guðmundsson próffessor.

Áfrýjandi skaut þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 21. maí 1993. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 20.000.000 króna með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 21. janúar 1992 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Ekki verður talið, að atriði þau, sem getið var um í úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 6. júní 1989, er Hæstiréttur staðfesti með dómi 10. júlí sama ár, standi því í vegi, að efnisdómur verði lagður á þetta mál, eins og það er nú lagt fyrir.

Í yfirlýsingu þeirri, sem getið er um í hinum áfrýjaða dómi og málsaðilar rituðu undir ásamt móður sinni 5. maí 1977, eru engar vísbendingar um, að ætlast hafi verið til þess, að áfrýjandi nyti réttar til greiðslu úr hendi stefnda vegna hlutabréfa, sem móðir þeirra lýsti þar yfir, að væru eign stefnda. Áfrýjandi heldur því hins vegar fram, að í tengslum við gerð þessarar yfirlýsingar hafi stefndi lofað sér hlutdeild í andvirði hlutabréfanna, ef til þess kæmi, að þau yrðu seld. Þetta telur áfrýjandi, að fái stoð í framburði vitna, sem vikið er að í hinum áfrýjaða dómi, svo og ummælum í greinargerð, sem stefndi ritaði undir 17. september 1984. Þar segir meðal annars eftirfarandi um atburði í tengslum við undirritun yfirlýsingarinnar: „Við það tækifæri sagði ég við Ásgeir, að ef ég síðar meir myndi selja hlutabréfin fyrir verð, sem mér þætti vera miklu hærra en framreiknað verðmæti þeirra fjármuna, sem þau stæðu í samkvæmt mínu

mati, myndi ég muna eftir honum í því sambandi, og við það mun ég standa.“

Gegn eindreginni neitun stefnda verður ekki talið, að áfrýjanda hafi tekist að sýna fram á, að stefndi hafi gefið honum loforð þess efnis, sem hann heldur fram, enda telst það hvorki sannað með fyrrgreindum ummælum í greinargerð stefnda né framburði vitna, sem gáfu skýrslu fyrir héraðsdómi. Samkvæmt því og þar sem fallast má á niðurstöðu héraðsdómara um röksemdir, sem áfrýjandi styður við 33. og 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. 3. og 6. gr. laga nr. 11/1986, verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur að öðru leyti en um málskostnað.

Dæma verður áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Ásgeir Sigurðsson, greiði stefnda, Níels P. Sigurðs-
suni, 200.000 krónur í málskostnað samanlagt í héraði og fyrir
Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 6. apríl 1993.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. mars sl., var höfðað með stefnu, birtri 5. maí 1992.

Stefnandi er Ásgeir Sigurðsson, kt. 291232-2649, Ægissíðu 96, Reykjavík.

Stefndi er Níels P. Sigurðsson, kt. 100226-3759, Sólheimum 15, Reykjavík.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndi greiði sér 20.000.000 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 21. janúar 1992 til greiðsludags.

Þess er krafist, að dráttarvextir verði höfuðstólsfærðir á 12 mánaða fresti skv. 12. gr. nefndra laga, í fyrsta sinn 21. janúar 1993. Þá er krafist málskostnaðar [...].

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda.

Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands að viðbættum virðisaukaskatti og dæmt verði, að máls-

kostnaður beri dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Með úrskurði, upp kveðnum 11. nóvember 1992, var hafnað kröfu stefnda um, að málinu yrði vísað frá dómi.

Málskostnaður í þeim þætti var felldur niður.

II.

Málavextir eru þeir helstir, að faðir aðila, Sigurður B. Sigurðsson, lést 17. 10. 1970, en bú hans hafði þá verið tekið til gjaldþrotaskipta. Skiptum var ekki lokið, en lögð höfðu verið drög að því, að þeim lyki með nauðasamningi. Erfingjar Sigurðar B. Sigurðssonar, þ. e. aðilar máls þessa, og móðir þeirra, Karítas Sigurðsson, gengu inn í nauðasamning þennan sem aðilar í stað hins látna. Var frumvarp að nauðasamningi samþykkt á skiptafundi 13. nóvember 1970, og lauk þar skiptameðferð þrot- og dánarbús Sigurðar B. Sigurðssonar. Meðal eigna búsins voru hlutabréf í heildverslun Ásgeirs Sigurðssonar hf., að nafnverði 43.000 kr. Hlutabréf þessi höfðu verið handveðsett í Landsbanka Íslands fyrir skuldum föður aðila, en leyst úr veðsetningu af stefnda 7. júlí 1972. Hlutabréfin voru síðan skráð eign Karítasar Sigurðsson.

Hinn 14. mars 1977 krafðist Gjaldheimtan í Reykjavík þess með bréfi til skiptaráðandans í Reykjavík, að bú stefnanda yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Málið var tekið fyrir í skiptarétti 22. apríl 1977, og 24. júní sama ár var bú stefnanda tekið til gjaldþrotaskipta.

Með yfirlýsingu, dagsettri 5. maí 1977, staðfesti Karítas Sigurðsson, að stefndi, Niels P. Sigurðsson, væri umráðamaður og eigandi allra hlutabréfa sinna í Heildverslun Ásgeirs Sigurðssonar hf., að nafnverði 43.000 kr. Í yfirlýsingunni segir, að hún sé staðfesting munnlegs samkomulags þeirra í milli frá 1972 þessa efnis, enda þótt það hafi ekki tekið formlegt gildi fyrr en 1. janúar 1977. Undir yfirlýsinguna rita Karítas Sigurðsson og stefndi. Þá var einnig undirritun stefnanda, sem samþykkir framangreint.

Karítas Sigurðsson lést 18. janúar 1978. Var bú hennar tekið til opinberra skipta 14. apríl 1982 og lauk með þeim hætti, að báðir aðilar máls þessa samþykktu frumvarp skiptaráðanda að úthlutunargerð, sem lögð var fram 21. október 1982.

Hinn 20. júní 1980 fór fram uppskrift á þrotabúi stefnanda, og lýsti hann því þá yfir, að hann ætti engar eignir. Lauk skiptingu bús hans 24. júní s. á., þar sem engar eignir fundust.

Á árunum 1981 og 1982 gerði stefnandi kröfu til skiptaráðandans í Reykjavík þess efnis, að framangreind hlutabréf í Heildverslun Ásgeirs Sigurðssonar hf. kæmu til skipta í dánarbúi móður aðila. Stefnandi hefur

síðan sóst eftir endurupptöku skiptameðferðar á dánarbúi Karítasar og enn fremur endurupptöku skiptameðferðar á dánarbúi Sigurðar B. Sigurðssonar, og hefur málið komið til kasta skiptaréttarins og Hæstaréttar. Hefur tilgangur hans verið sá að fá áðurgreind hlutabréf skrifuð upp sem eignir í búinu.

Með dómi Hæstaréttar 10. júlí 1989 var staðfestur úrskurður skiptaráðanda, þar sem kröfu stefnanda um, að dánarbúi Sigurðar B. Sigurðssonar yrði tekið til skiptameðferðar eða skipti á dánarbúinu yrðu endurupptekin, var hafnað. Taldi skiptaráðandi, að stefnandi hefði ekki getað sýnt fram á, að eftir væri að skipta eignum eftir Sigurð B. Sigurðsson.

Fyrir dóminum gáfu aðilar skýrslur, auk þess sem vitnaskýrslur voru teknar af Walter Hjaltested, Guðmundi Elvari Jónssyni og Jófríði Guðmundsdóttur.

Málsástæður og lagarök aðila.

Stefnandi byggir á því, að stefndi hafi gefið um það bindandi loforð, þegar yfirlýsingin frá 5. maí 1977 var undirrituð, að stefnandi fengi helmingshluta af andvirði hlutabréfanna í Heildverslun Ásgeirs Sigurðssonar hf., þegar búið væri að draga frá útgjöld þeirra bræðra vegna þrotabúsins og ljóst yrði, hvert raunvirði hlutabréfanna væri, t. d. í sölu. Stefnandi hafði reynt að fá við skiptaréttarmeðferð áður nefnd hlutabréf skráð sem eignir hjá foreldrum sínum, en sú niðurstaða hafði eigi náð fram að ganga. Þær aðgerðir stefnanda og niðurstöður dómstóla breyti því eigi, að skilyrt loforð stefnda frá 1977 sé skuldbindandi fyrir hann. Í desember 1991 hafi stefndi selt alla hlutabréfaeign sína í Ásgeiri Sigurðssyni hf. fyrir 40.000.000 kr., og því hafi loforðið orðið virkt.

Stefndi hafi ráðið öllu við gerð samkomulagsins frá maí 1977, er hann lét útbúa hina skriflegu yfirlýsingu, og hafi hann verið sá, er lögfræðikunnáttuna hafði. Stefnandi hafi hins vegar verið virkur áfengissjúklingur og í fjárhagsörðugleikum og meðal annars undir gjaldþrotaskiptum. Telur stefnandi þetta skipta máli um, hvernig ber að túlka loforð stefnanda og samninga þessara aðila. Stefnandi telur, að það hafi verið ætlun aðila og móður þeirra frá upphafi, að aðilar skyldu verða eigendur hlutabréfanna í Heildverslun Ásgeirs Sigurðssonar hf. að jöfnu, en stefndi hafi ráðið því, að hlutabréfin færu á sitt nafn.

Af yfirlýsingu stefnda frá 17. september 1984 megi ráða, að stefnandi hafi átt helmingsstilkall til hlutabréfanna, en útgjöld stefnda vegna þrotabúsins hafi hins vegar orðið til þess, að öll hlutabréfin fóru á hans nafn.

Uppgjör hafi átt að fara fram síðar, en það hafi eigi gerst.

Stefnandi vísar til hinna almennu reglna samningaréttar um skuldbindingargildi samninga og loforða, en stefnandi telur einnig, að beita megi ákvæðum III. kafla samningalaga nr. 7/1936 um ógilda löggerninga, sérstaklega 33. og 36. gr., er varða yfirlýsinguna frá 5. maí 1977.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að hann hafi eignast margnefnd hlutabréf móður sinnar í Heildverslun Ásgeirs Sigurðssonar hf. í framhaldi af og samhliða greiðslu sanngjarns verðs fyrir hlutabréfin til hennar. Þetta hafi móðir þeirra bræðra staðfest með undirritun yfirlýsingarinnar 5. maí 1977, þegar hún staðfesti, að stefndi væri réttur eigandi hlutabréfanna. Stefnandi hafi verið fenginn til að staðfesta og lýsa yfir samþykki sínu við þeirri yfirlýsingu beinlínis í þeim tilgangi að koma í veg fyrir eftirmál af því tagi, sem lýst sé í atvikalýsingu máls þessa.

Af hálfu stefnda er því harðlega mótmælt, að hann hafi gefið stefnanda eða öðrum nein loforð í tengslum við samningsgerð þessa. Þá mótmælir stefndi því algerlega, að hann hafi lofað stefnanda, að hann ætti hluta af umræddum hlutabréfum eða andvirði þeirra, ef þau yrðu seld, að frádregnum kostnaði eða uppreiknuðu kaupverði þeirra. Hins vegar hafi það verið svo, að árið 1977 hafi stefndi bundið sér verulega fjárhagslega bagga vegna móður sinnar og þess nauðasamnings, sem vikið hefur verið að hér að framan. Rétt sé, að á þessu tímabili hafi hann sagt við stefnanda, að ef stefndi seldi umrædd hlutabréf fyrir verð, sem honum þætti að eigin mati miklu hærra en framreiknaðar greiðslur sínar vegna bréfanna, myndi hann muna eftir honum í því sambandi. Á þeim tíma, er þetta hafi verið sagt, hafi stefnandi átt við fjárhagslega örðugleika og áfengisvandamál að stríða, en stefndi hafi margsinnis aðstoðað stefnanda, bæði fjárhagslega og á annan hátt, vegna vandræða hans.

Vegna mikillar fjárhagslegrar aðstoðar við móður þeirra bræðra og greiðslu kaupverðs bréfanna hafi stefndi ekki hjálpað stefnanda fjárhagslega frekar en hann hafi þegar gert. Stefndi hafi auk þess ekki vitað annað en hann kynni að þurfa að selja bréfin tiltölulega fljótlega til þess að geta staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar, meðal annars vegna kaupa á bréfunum. Ef til þess kæmi, að hugsanlegt söluverð þeirra yrði mun hærra en framreiknuð fjárhæð þeirra fjármuna, sem þau stæði honum í að eigin mati, kynni hann að verða í stakk búinn til þess að aðstoða stefnanda að nýju. Sú fjárhæð, sem stefndi greiddi fyrir bréfin á sínum tíma, hafi verið hærri en markaðsverð þeirra umrætt sinn, en söluverð á bréfunum nú nýlega hafi hins vegar verið sanngjarnt verð fyrir þau.

Stefndi hafi því hvorki gefið stefnanda né móður sinni neitt loforð þess efnis, sem haldið sé fram í stefnu og greinargerð stefnanda. Eignarhald

hans á margnefndum hlutabréfum byggist á kvaðalausum framsali bréfanna. Þá sé bróðurlegur velvilji í garð stefnanda ekki staðfesting á eins konar loforði eða skuldbindingu, svo sem haldið sé fram í málskjöllum. Ekkert, sem fram komi í málinu, styðji málalíbúnað stefnanda eða málsástæður hans um það, að hann eigi kröfur á hendur stefnda. Þá er á því byggt, að ef sá málalíbúnaður stefnanda verði lagður til grundvallar, að hann eigi kröfu á hendur stefnda samkvæmt samkomulagi frá maí 1977, sé sú krafa fyrnd.

III.

Niðurstaða.

Stefnandi hefur oftlega gert tilraunir til að fá hlutabréf í Ásgeiri Sigurðssyni hf. talin til eigna í dánarbúum foreldra sinna. Þannig var með ákvörðun 19. mars 1986 hafnað kröfu stefnanda fyrir skiptarétti Reykjavíkur um endurupptöku skiptameðferðar á dánarbúi móður hans, Karítasar Sigurðsson. Þá var með dómi Hæstaréttar Íslands frá 10. júlí 1989 hafnað kröfu stefnanda þess efnis, að úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur frá 6. júní 1989 yrði felldur úr gildi og lagt fyrir skiptaráðanda að taka dánarbú föður hans, Sigurðar B. Sigurðssonar, til skiptameðferðar eða endurupptaka skipti á dánarbúi hans.

Stefnandi gerir nú ráð fyrir því, að með yfirlýsingu, dags. 5. maí 1977, hafi stefndi orðið eigandi umræddra hlutabréfa í Ásgeiri Sigurðssyni hf. Við undirritun yfirlýsingarinnar hafi stefndi hins vegar gefið stefnanda loforð um hlutdeild í hagnaði hlutabréfanna við sölu þeirra síðar meir. Komi það loforð fram í yfirlýsingu stefnda frá 17. september 1984, svo og sé það staðfest með vætti Guðmundar Elvars Jónssonar.

Stefnandi telur það styðja þessa málsástæðu sína, að mismunur hafi verið á verði hlutabréfanna við afhendingu þeirra til stefnda og þeirra fjármuna, er stefndi greiddi á sínum tíma vegna fjárskuldbindinga föður aðila.

Stefnandi hefur borið fyrir dóminum, að móðir þeirra hafi undirritað yfirlýsinguna frá 5. maí 1977 gegn því loforði stefnda að afhenda stefnanda helming hlutabréfanna eða helming andvirðis þeirra, ef til sölu kæmi og stefnandi kæmist heill út úr sjúkdómi sínum. Stefndi hafi boðið honum skriflegan samning um þetta, og skyldi hann fara til lögmanns stefnda daginn eftir og ná í samninginn. Við þetta hafi ekki verið staðið, þrátt fyrir það að stefndi hafi gengið eftir því allt frá árinu 1978.

Vitnið Guðmundur Elvar Jónsson hefur staðfest hér fyrir dómi, að hann hafi verið viðstaddur undirritun yfirlýsingarinnar frá 5. maí 1977. Hann hafi hins vegar ekki heyrt orðræður aðila og Karítasar Sigurðsson fyrir undirritunina. Hins vegar hafi hann heyrt stefnda segja við stefnanda eitthvað í þá áttina, að hann skyldi ekki verða hlunnfarinn í þessu máli, og að til hafi

staðið að gera annan samning á milli þeirra. Fyrir réttinum komu fram margar útgáfur hjá vitninu um efni orðræðna stefnda við stefnanda um þetta atriði.

Í gögnum málsins verður ekki séð, að stefnandi hafi hlutast til um, að umræddur samningur yrði gerður og þar með staðfest hið ætlaða loforð stefnda og efni þess.

Þegar það er virt, sem hér að framan hefur verið rakið, þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á, að stefndi hafi gefið honum það loforð 5. maí 1977, sem dómkrafa hans í málinu verði reist á.

Ekki er á það fallist, að 33. gr. og 36. gr. samningalaga eigi við um sakar-efnið. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda málskostnað, sem hæfilegur þykir 150.000 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Níels P. Sigurðsson, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Stefnandi, Ásgeir Sigurðsson, greiði stefnda 150.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur.
